

**116** greiði hreppsnefnd þess hrepps bæjarsjóði Reykjavíkur  $\frac{2}{3}$  legukostnaðarins með 4. nóv. 144 kr.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Vindhælishrepps, og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

**117** Bréf stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um stofnun póstafréiðslna. 17. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið, að stofna póstafréiðslur á Akranesi, Bolungarvík, Eyrarbakka, Ólafsvík og Þórshöfn.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafréiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

**118**  
23. sept.

## Auglýsing

um

### skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga.

Samkvæmt ályktun alþingis 1911 skal um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skipað fyrir á þessa leið:

#### A. Almenn skilyrði.

1. Að 8 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
  - a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.

- b. Eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um sam- **118**  
kvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða 23. sept.  
heilum tug.
4. Að skoðunarmaður, skipaður af bæjarstjórn eða sýslunefnd, samkvæmt til-  
lögum búnaðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til, rannsaki og  
mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar, og votti á skýrslunni,  
að þær séu þar rétt taldar, vel af hendi leystar, samkvæmt tilgangi sínum,  
og hlíti að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu.  
Skoðunarmenn skulu eigi fleiri vera en 3 í sýslu hverri.

Eftir árið 1919 má skoðunarmaður eigi taka upp í jarðabótaskýrslu túna-  
sléttu, túnútgæðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem eigi er áburðarhús  
og salerni.

## B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:
  - a. Túnasléttur (þaksléttur).
  - b. Túnútgæðsla (nýrækt):
    1. Óbylt land.
    2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur).
  - c. Sáðreitir (matjurtagarðar) nýyrktir.
  - d. Girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestaréttir, girðingar  
um búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
  - e. Varnarskurðir, gripheldir.
  - f. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
  - g. Stíflugarðar.
  - h. Vatnsveituskurðir.
  - i. Lokræsi.
  - j. Áburðarhús og safnþrær.
  - k. Upphleyptir tún- og engjavegir.
2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:
 

a. Túnasléttur . . . . .	50 m. <sup>2</sup>
b. Túnútgæðsla (nýrækt):	
1. Óbylt land . . . . .	100 —
2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur) . . .	50 —
c. Sáðreitir, byltir og blandaðir . . . . .	50 —
d. Girðingar, gripheldar:	
1. Grjótgarðar einhlaðnir 1,25 m. á hæð . . . . .	6 m.
2. ——— tvihlaðnir 1,25 — - — . . . . .	4 —
3. ——— úr höggnu grjóti 1,25 m. á hæð . . . . .	2 —
4. Garðar úr torfi og grjóti 1,25 — - — . . . . .	6 —
5. Gaddavirsgirðing að minsta kosti 1,10 m. á hæð með alt að 6 m. bili milli stuðla:	

118  
23. sept.

- |    |   |     |                 |
|----|---|-----|-----------------|
| a. | með 5 strengjum eða fleiri . . . . .  | 8   | m.              |
| b. | — 4 — og undirhleðslu . . . . .   | 10  | —               |
| c. | — 3 — án undirhleðslu . . . . .   | 20  | —               |
| 6. | Vírgirðing úr sléttum vir með 3 eða fleiri strengjum  | 12  | —               |
| 7. | Garðar úr torfi eða grjóti 0,65 m. á hæð með 3 gaddavirsstrengjum . . . . .   | 7   | —               |
| 8. | Garðar úr torfi eða grjóti, 1 m. á hæð með 2 strengjum  | 6   | —               |
| 9. | Girðing úr virneti eða járngrindum, að minsta kosti 1 m. á hæð . . . . .  | 6   | —               |
| e. | Varnarskurðir, 2 m. á breidd, 1 m. á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 1 m. á hæð eða garðar 0,65 m. á hæð með 1 gaddavirsstreng . . . . . | 8   | —               |
| f. | Flóðgarðar . . . . .  | 6   | m. <sup>3</sup> |
| g. | Stíflugarðar . . . . .  | 4   | —               |
| h. | Vatnsveituskurðir:  |     |                 |
| 1. | Einstungnir . . . . .   | 15  | —               |
| 2. | 0,70 m. á dýpt . . . . .  | 12  | —               |
| 3. | Frá 0,70—1 m. á dýpt . . . . .  | 10  | —               |
| 4. | Frá 1 m. til 1,5 m. á dýpt . . . . .  | 8   | —               |
| i. | Lokræsi:  |     |                 |
| 1. | Með grjóti (malarræsi) . . . . .  | 5   | m.              |
| 2. | Með hnaus (holræsi) . . . . .   | 10  | —               |
| 3. | Með pipum (pipuræsi) . . . . .  | 6   | —               |
| j. | Áburðarhús og safnþrær:   |     |                 |
| 1. | Áburðarhús úr torfi, vegg hæð alt að 2 m. . . . .   | 2   | m <sup>3</sup>  |
| 2. | Áburðarhús úr grjóti, steinlimt eða steinsteyppt . . . . .  | 0,5 | —               |
| 3. | Safnþrær steinlimdar eða steinsteypptar með þaki . . . . .  | 0,5 | —               |
| 4. | Safnþrær úr öðru efni . . . . .   | 2   | m <sup>3</sup>  |
| k. | Upphleyptir tún- og engjavegir, minst 2 m. á breidd . . . . .   | 10  | m.              |
3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu þá, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í félagi hverju, næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.
4. Skýrslurnar eiga að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. september það ár, sem styrkurinn er veittur.

### C. Skýringar.

- Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars sáðreitir, fjárbæli og hestaréttir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
- Með tvíhlöðnum grjótsörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu.
- Hestaréttir teljast því að eins til jarðabóta, að þær séu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.

4. Virgirdingar má því að eins taka gildar, að virinn sé galvaníseraður, svo og **118** naglar þeir eða kengir, sem virinn er festur með, og máttarstólpar úr tré **23. seft.** séu minst  $10 \times 10$  cm. að gildleika. Girðing úr sléttum vir, meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, er því að eins leyfilegt að taka á skýrslu, að hún sé með 3 strengjum og virinn 6 mm. gildur. — Gaddavirsgirðing með 4 strengjum má telja gilda, ef steinlagi eða hnausa er raðað undir neðsta strenginn, og girðingin að öðru leyti gerð samkvæmt þessum reglum.
5. Stýflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár eða meðfram þeim til að varna skemdum, svo og fyrirhleðslur í læki, farvegu, jarðföll eða sýki, enda séu þær meiri á hæð og þykt en venjulegir flóðgarðar.
6. Lokræsi skulu að jafnaði því að eins tekin gild, að þau séu grafin svo djúp, að frost geti eigi náð sjálfu ræsinu.
7. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið, né það rúm, sem vera kann ofan við 2 m. veggghæð innanvert.  
Hús ný eða stæðileg með þaki, til að geyma í efni til áburðardryginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.
8. Safnþrær »úr öðru efni« teljast þær, sem hlaðnar eru úr torfi eða þiljaðar innan með við. Allar safnþrær skulu vera með þaki.
9. Upphleyptir tún- og engjavegir koma því að eins til greina, að þeir séu möl-bornir og akfærir.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. september 1911.

**Kristján Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*